

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 171/1968 fyrir Félagsstofnun stúdenta
við Háskóla Íslands.

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 8. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Heimilt er Félagsstofnun stúdenta að útvega samtökum nemenda á mennta-skólastigi námsbækur, sé þess óskað.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt tillögu stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, að fenginni umsögn háskólaráðs og Stúdentaráðs Háskóla Íslands, sbr. 6. gr. laga nr. 33/1968, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 8. september 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 268.

21. september 1972.

REGLUGERÐ

um holræsi í Eskifjarðarhreppi.

1. gr.

Þegar Eskifjarðarhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt holræsi fyrir ofanjarðarvatn, ef gert er, samkvæmt fyrirmælum verkstjóra. Vanræki einhver að láta gera nýtt holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs frests, sem sveitarstjóri ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Eskifjarðarhreppur lætur leggja holræsastrúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1973. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa. Heimagnir eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastrúta fara eftir nánari skilmálum um lóðauðhlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri, verkstjóri og byggingarfulltrúi, undir yfirstjórn sveitarstjórnar, fara með stjórn framkvæmda, er holræsaakerfi kaupsins varða. Heimilt er sveitarstjórn að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsaakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárænnislískerfi sínu, ef krafist verður. Skyllt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns á öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.